

Um vöktun á kampýlóbakter í alifuglum og afurðum alifugla

Áður en ófrystum eða óhitameðhöndluðum sláturafurðir alifugla er dreift á markaði skal sýna fram á það með sýnatöku að ekki hafi greinst kampýlóbakter í framleiðslu.

Matvælafyrirtæki geta valið milli þriggja valkosta hvernig sýni eru tekin. Að minnsta kosti eitt af eftirfarandi sýnum skal tekið til að sýna fram á að í því hafi ekki greinst kampýlóbakter:

1. Sýni getur verið tekið úr eldishópi á eldistímanum, eða
2. Sýni getur verið tekið úr sláturhópi við slátrun, eða
3. Sýni getur verið tekið úr afurðum alifugla.

Rannsóknarniðurstöður skulu liggja fyrir áður en sláturafurðum er dreift á markaði.

Í landsáætlun um varnir og viðbrögð við kampýlóbakter í alifuglarækt kemur meðal annars fram með hvaða rannsóknaraðferðum sýni eru rannsökuð og hvernig niðurstöður eru túlkaðar.

Í þessum leiðbeiningum er sýnatökum úr afurðum alifugla lýst.

Vörflokkar alifuglakjöts sem falla undir reglur um vöktun á kampýlóbakter

Ófryst eða óhitameðhöndlað kjöt af alifuglum:

- Ferskt kjöt. Dæmi: Heill kjúklingur, stykkjað, bitar, hakkað eða vélúrbeinað kjöt
- Unnar kjötvörur. Dæmi: Sprautusaltaðar eða kryddaðar kjúklingabringur, sem hefur ekki verið hitameðhöndlað

Kjöt telst frosið ef það hefur verið frosið í a.m.k 2 vikur

Reglurnar gilda um allt ófryst og óhitameðhöndlað alifuglakjöt af innlendum uppruna eða frá ríkjum EES. Sláturafurðir sem eru upprunnar í ríkjum utan EES eru ekki í frjálsu flæði til landsins. Því þarf áfram að sækja um leyfi til innflutnings á þeim afurðum (kjöt frá 3ju ríkjum) til Matvælastofnunar.

Svona skal sýni tekið

- Afurðasýni geta verið tekin hjá framleiðanda hér á landi eða erlendis við vinnslu eða við pökkun. Að öðrum kosti geta afurðasýni verið tekin eftir komu til landsins.
- Úr hverri framleiðslulotu eru valdar að minnsta kosti þrjár einingar eða pakkningar af handahófi. Ef fleiri en þrjár einingar eru í einni pakkningu er nóg að velja þá pakkningu. Dæmi: Það nægir láta rannsaka eina pakkningu með fjórum kjúklingabringum.
- Sýnið skal vera að lágmarki 200g samtals. Fleiri einingum skal bæta við ef þrjár einingar ná ekki lágmarksþyngd.
- Helst skal velja heilan skrokk, til dæmis heilan kjúkling eða bita með skinni.

Sýnið er sent á opinbera rannsóknastofu ef rannsóknin fer fram hér á landi eða á erlenda rannsóknarstofu með faggildingunni fyrir rannsóknaraðferðina ásamt eftirfarandi upplýsingum:

- Sendandi sýnis, það er sýnatökuaðili
- Eigandi sýnis og greiðandi sýnis, ef annar en eigandi sýnis
- Dagsetning sýnatöku
- Hvaða rannsókn óskast: Kampýlóbakter – greining (skv. ISO staðli 10272-1:2017 með forræktun eða með öðrum sambærilegum greiningaraðferðum)
- Fjöldi einstaklingssýna og fjöldi safnsýna
- Rekjanleikanúmer, auðkenni hóps eða lotunúmer
- Alifuglategund

Sýnið skal geyma og flytja til opinberrar rannsóknarstofu við hitastig milli 1-8°C. Sýnið má ekki frjósa og skal það varið sólarljósi.

Að hámarki skulu líða 48 klst. frá töku sýnis þar til rannsókn hefst. Sýni sem hafa náð 0°C eða undir eru ekki hæf til rannsókna.

Sýnatökubúnaður

- Plastpoki / ílát
- Eyðublað Matvælastofnunar eða sambærilegt eigið rannsóknareyðublað
- Tússpenni / límmiðar
- Kælibox til sendingar

Þessar leiðbeiningar eru gefnar út í samræmi við landsáætlun um varnir og viðbrögð við kampýlóbakter í alifuglarækt.

Síðast uppfært: 16.1.2020